

# MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

## SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993 VEGNA HRINGVEGAR FRÁ SKÓGHLÍÐ AÐ URRIÐAVATNI Í NORÐUR - MÚLASÝSLU

### NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

#### 1. INNGANGUR

Skipulagsstjóri ríkisins hefur fengið til frumathugunar lagningu Hringvegar frá Skóghlíð að Urriðavatni á Fljótsdalshéraði í Norður-Múlasýslu, samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum.

**Framkvæmdaraðili:** Vegagerðin.

**Framkvæmd kynnt í frummatsskýrslu:** 8,5 km langur vegkaflí, þar sem 5,8 km er endurbygging á núverandi vegi og þrjú nýir vegkaflar; um Ærlæk, við Bót og hjá Urriðavatni, samtals 2,7 km.

**Markmið framkvæmdar:** Framkvæmdin er liður í bættum samgöngum milli Héraðs og Norðurlands.

Framkvæmdin leysir af hólmi úr sér genginn vegarkafli sem er með lélegt burðarþol og kröppum beygjum og mun bætt lega og uppbygging vegarins stuðla að auknu umferðaröryggi, leiða til minni snjósöfnunar á veginn og auðvelda greiðari umferð.

**Frumathugun:** Þann 7. október 1996 tilkynnti Vegagerðin framkvæmdina til embættis skipulagsstjóra ríkisins og var frummatsskýrsla lögð fram. Embætti skipulagsstjóra ríkisins tók formlega á móti frummatsskýrslunni með bréfi til Vegagerðarinnar þann 11. október 1996. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 18. október 1996 í Lögbirtingablaðinu og Morgunblaðinu og í Dagskránni, þann 16. október 1996. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 18. október til 25. nóvember 1996 hjá embætti skipulagsstjóra ríkisins, í Þjóðarbókhöðunni, Reykjavík, á skrifstofu Fellahrepps og hjá oddvita Tunguhrepps. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar hreppsnefndar Fellhrepps, hreppsnefndar Tunguhrepps, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Safnastofnunar Austurlands.

#### Gögn lögð fram við frumathugun:

Hringvegur. Skóghlíð - Urriðavatn. Kynning verkefnis og frummat. Vegagerðin, október 1996. Skýrslan er unnin af Vegagerðinni á Reyðarfirði í samstarfi við Hönnun og ráðgjöf hf.

## 2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **hreppsnefndar Fellahrepps** með bréfi dagsettu 16. október 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 5. nóvember 1996. Þar segir:

*„Á fundi hreppsnefndar Fellahrepps þann 30. október 1996 var tekið fyrir framlagt frummat á umhverfisáhrifum vegna uppbyggingar þjóðvegur no. 1 frá Skóghlíð að Urriðavatni. Hreppsnefnd er samþykkt umræddri veglagningu en bendir á að vegurinn að námu D gæti síðar meir notast sem sýsluvegur að bænum Egilsseli í Fellahreppi verði hann lagður að námunni sunnan Rangár.“*

Leitað var umsagnar **hreppsnefndar Tunguhrepps** með bréfi dagsettu 16. október 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 22. nóvember 1996, svo hljóðandi:

*„Úrdráttur úr fundargerð Hreppsnefndar Tunguhrepps 11. nóvember 1996. Farið yfir kynningu frá Vegagerð ríkisins á nýjum vegi frá Skóghlíð að Urriðavatni. Ekki gerðar athugasemdir við veginn né annað er framkvæmdir varðar, og fram kemur í þessari kynningu, sbr. samþykkt frá 16. júlí s.l. Hreppsnefnd hvetur til þess að framkvæmdum geti lokið sem fyrst og bendir á nauðsyn þess að brúin á Rangánni verði gerð tvíbreið.“*

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 16. október 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 12. nóvember 1996. Þar segir:

*„Á grundvelli skýrslunnar telur Hollustuvernd ríkisins líklegt að framkvæmdin sé þess eðlis að umhverfinu eigi ekki að stafa langtíma hætta af loftmengun, vatnsmengun, hávaðamengun eða mengun frá úrgangi vegna hennar ef gætt er ákvæða mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.*

*Í ágætri samantektartöflu er greint frá áætlaðri umferð um veginn og umferðarhraða. Ekki er lagt mat á hávaða- eða loftmengun frá umferðinni en út frá umferðartölum og loftmynd af áætluðum vegarstæðum má ætla að áhrifin verði ekki teljandi. Bent skal á að miðað við vel gróið slétt land þá er lágmarksfjarlægð orlofhúsabyggðar frá uppbyggðum vegi (1.4 m) með 550 bíla/dag á 90 km/h um 130 m, svo að hávaði fari ekki yfir 45 dBA, en vel yfir 300 m í lítt grónu landi eða þar sem hús standa hátt miðað við veg.*

*Hollustuvernd tekur undir áhyggjur íbúa á Flúðum varðandi námuveg í nágrenni við íbúðarhús. Ryk og hávaði frá þungaumferð í um eða innan við 100 m fjarlægð frá íbúðarhúsum getur valdið óþægindum. Æskilegt er að takmarka slíka mengun sem kostur er og velja leið fjær íbúðarhúsunum.“*

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 16. október 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 19. nóvember 1996. Þar segir:

„Náttúruverndarráð samþykkti á fundi sínum þann 14. nóvember s.l. að gera eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina:

1. Náttúruverndarráð gerir athugasemdir við veglínuna frá stöð 10700 til 12200. Ráðið telur að leið 4 sem fjallað er um í matsskýrslunni sé æskilegri út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Sú leið liggur um þurrara land undir Lönguhlíðinni en valin leið og jafnframt verða fyllingar fram af ásnum minni og þeim verður betur skýlt. Við þessa færslu færirst veglínan einnig frá tóft við stöð 11340 en valin leið liggur nálægt tóftinni. Þá bendir Náttúruverndarráð á að veglínan liggur nærri tóft við stöð 18340 rétt norðan við Hafrafellsveg og væri æskilegt að færa veglínuna fjær tóftinni. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við veglínuna.
2. Fyrirhugað er að taka efni í opinni námu í Fjármelum. Náttúruverndarráð leggur áherslu á að við áframhaldandi efnistöku í námunni verði unnið til norðausturs og að tjörn og gróðurlendi sunnan við melana verði ekki fyrir raski.
3. Fyrirhugað er að taka efni í Háamel sunnan við Skóghlíð. Melurinn er líklega leifar af gömlum jökulgarði frá ísaldarlokum. Þar sem um afmarkaða jarðmyndun er að ræða sem líklega mun hverfa að mestu leyti við vinnsluna leggur Náttúruverndarráð til að hún verði kortlögð og ljósmynduð áður en efnistaka hefst.

Náttúruverndarráð setur að öðru leyti þau skilyrði fyrir framkvæmdinni að jarðraski utan vegstæðis verði haldið í lágmarki og haft verði samráð við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á Austurlandi vegna jarðefnisnáms og frágangs námusvæða og vegfláa.“

Umsagnir voru sendar Vegagerðinni jafnharðan og þær bárust.

Í bréfi dagsettu 9. desember 1996 svarar **Vegagerðin** erindi Skipulags ríkisins dags. 22. nóvember 1996 vegna umsagnar Náttúruverndarráðs.

Þar segir varðandi óskir Náttúruverndarráðs um að leið 4 verði farin:

„1. Eins og fram kemur á myndum í matsskýrslunni fellur valin leið best að landinu útlitslega séð og fullnægir best vegtæknilegum kröfum af þeim möguleikum sem skoðaðir voru.

Á leið 4 sem Náttúruverndarráð mælir með verða fyllingar lítillaga minni, en skeringar í klöpp um efsta ásinn verða meiri. Hæðarlega um háásinn verður krappari, þar af leiðandi sjónlengdir minni. Ef leið 4 yrði farin og hún reyndist snjóþyngri gæti þurft að hækka fyllingar undir ásnum og auka bergskeringar á háásnum. Skeringar þar mynduðu skarð í háásinn, en ef auka þarf skeringar á háásnum vegna snjóöfnunar á valinni leið er hægt að opna skeringuna suður fyrir endann á ásnum. Slíkt félli betur að landslaginu.

Hægt er að hlífa tóttum á fullnægjandi hátt án þess að breyta veglínunni og með mótvægisáðgerðum sem tilgreindar eru í matsskýrslunni. Með mótvægisáðgerðunum er tryggt eins og kostur er að þær verði ekki fyrir raski. Vegurinn var hannaður að mestu leiti fyrir nokkrum árum og er veglínan

*nokkuð bundin annars vegar af nýlega byggðum vegi við Skóghlíð og hins vegar um Urriðavatnið. Við Ærlækinn myndi færsla á veglínunni til norðurs kalla á frekari skeringar í háásinn um Lönguhlíðina. Vegur við tóttina norðan Urriðavatns er aðeins í um 300 m fjarlægð frá núverandi enda vegar, þannig að færsla þar á vegi gæti orsakað færslu á þegar fullbyggðum vegi frá 1994.“*

Um efnistöku í Fjármelnum segir:

*„2. Eins og fram kemur í matskýrslu verður öll efnistaka almennt unnin í samráði við landeigendur og eftirlitsmann Náttúruverndarráðs.“*

Um efnistöku í Háamel segir:

*„3. Umfang Háamels við Skóghlíð (náma A) verður mælt áður en framkvæmdir hefjast og kortlagt. Ljósmyndir af svæðinu eru til hjá fulltrúa Náttúruverndarráðs á Austurlandi.“*

Leitað var umsagnar **Safnastofnunar Austurlands** með bréfi dagsettu 22. nóvember 1996 og barst umsögn með bréfi dagsettu 9. desember 1996. Þar segir meðal annars:

*„Varðandi tótt við stöð 18340, nálægt afleggjara að Hafrafelli.*

*Ítrekað skal að náttúrlegt samhengi er milli tóttarinnar og kletts norðaustan við hana. Húsinu var valinn staður þar sem skjól og aðhald fékkst af klettinum. Kletturinn var einnig kennileiti. Gildi tóttarinnar er mest meðan þetta samhengi er sýnilegt en rýrnar umtalsvert ef því er raskað. Ég endurtek tilmæli mín um að veginum verði hliðrað frá klettinum svo hvortveggja klettur og tótt verði sýnilegt. Hliðrun yrði að vera um 4 metrar. Þessu til stuðnings bendi ég á anda þjóðminjalaga no. 88/1989, greinar 16 og 17, með áorðnum breytingum.*

*Hvað varðar tótt við stöð 11340 virðist bil milli vegfláa og tóttar nægilegt, enda verði þess vel gætt að ekkert annað rask verði í námunda við tóttina eða á henni sjálfri.“*

Vegagerðin leitaði álits **Veidimálastofnunar** vegna efnisnáms í Rangá og barst Skipulagi ríkisins afrit af álitsgerð þann 11. desember 1996. Þar segir m.a.:

*„Fyrirhugað er að taka möl úr Rangá ofan við bæinn Flúðir. Þar mun vera 3 metra þykkt malarlag í gömlum áreyrum. Eyrar þessar eru fornar og ekki er séð að mól muni berast í eyrarnar á ný. Því verður að telja að æskilegra, ef taka á þarna efni á annað borð, að taka þykkara lag af mól og takmarka þannig stærð þess svæðis sem náman nær yfir. Gæta þarf þess að náman verði ekki mjór skurður heldur nái yfir breidd árinna eða flóðfar. Bakkar námunnar verði aflíðandi og gæta verður þess að fært sé fiski upp ána af námasvæðinu og eins upp í Ærlæk (ekki verði ófær foss ofan í gryfju sem myndast kann við malartekjuna). Vel verði gengið frá eftir malarnámið og fullt samráð verði haft við landeigenda/landeigendur og Veidifélag. Óæskilegt er að efni sé tekið á veiðitíma. Gæta skal vel að því að skolvatn vegna mölunar gruggi ekki ána og fari alls ekki út í ána á veiðitíma.*

*Í Rangá er stangveiði og er aflí aðallega urriði. Uppeldi seiða mun spillast á þeim kafla sem náman nær yfir en í staðinn ætti að myndast veiðistaðir. Laxaseiðum hefur verið sleppt í Rangá til uppeldis þar, í kjölfar endurbyggingar á laxastiga í Lagarfossi og er árangurs enn að vænta úr síðustu sleppingum. Eðlilegt er að veiðifélaginu sé bættur sá skaði, sem að efnisnáminu hlýst t.d. í formi laxaseiða til sleppinga í Rangá eftir að efninám er um garð gengið.“*

Þann 27. nóvember s.l. óskaði **Skipulag ríkisins** frekari upplýsinga frá Vegagerðinni varðandi efnisnám og frágang við námu D..

Svar **Vegagerðarinnar** barst 9. desember og segir þar varðandi námu D:

*„Eins og fram kemur í matsskýrslu hefur landeigandi á Flúðum áhuga að nýta námusvæðið til frekari vinnslu vegna nálægðar við efnismarkað í Fellabæ og á Egilsstöðum. Líkur eru því að svæðið verði efnistökusvæði í framtíðinni. Efnistaka mun valda röskun í ánni og nánasta umhverfi. Í samráði við landeiganda var ákveðið að efnistaka væri í meiri lagþykktum (í um 2ja m lagþykkt) en fulltrúi Náttúruverndarráðs tilgreindi í sinni umsögn. Efnistaka verður þá á mun minna svæði og valda minni spjöllum á landi og farvegi árinna (samkv. upplýsingum Veiðimálastjóra sbr. umsögn senda 10. des n.k.), einnig mun farvegurinn hafa rýmra svæði til að fara eftir og valda síður rofi. Slík tilhögun gerir efnisnámið kostnaðarminna. Allir bakkar vegna efnistökkunnar verða jafnaðir niður þannig að hætta á rofi verði sem minnst. Efnistaka í farvegi verður takmörkuð tímann utan veiðitímabils, sbr. matsskýrslu. Til upplýsinga er rétt að geta þess á fyrri stigum undirbúnings voru tilgreindir aðilar búnir að ræða um mun meiri lagþykktir, þannig að tjörn hefði myndast í farveginum, en fallið var frá þeim áformum.*

*Vegagerðin hefur átt fund með formanni Veiðifélags Fljótsdalshéraðs og landeiganda þar sem aðilar ræddu um vinnslu námunar og frágang hennar sem yrði unnið í samráði við starfsmenn Veiðimálastjóra.“*

Allar umsagnir liggja frammi hjá Skipulagi ríkisins þar til kærufrestur er liðinn.

### 3. ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir bárust á kynningartíma frumathugunar.

## 4. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

### 4.1 Fyrirhuguð framkvæmd

#### 4.1.1 Lega vegar

Vegaframkvæmdir milli Skóghlíðar og Urriðavatns eru samtals á 8,5 km kafla. Núverandi vegur verður endurbyggður á 5,8 km löngum hluta og nýir vegarkaflar verða samtals 2,7 km.

Núverandi vegur verður endurbættur, hækkaður í landinu og lagður bundnu slitlagi. Veglínan fylgir núverandi vegi að mestu en hliðrast þó um 5 - 7 m á köflum.

Nýir vegarkaflar verða þrír: frá st. 10700 - 12200 um Lönguhlíð að Þrívörðumelum, frá st. 14240 - 15000 um land Flúða og frá st. 18200 - 18600 frá afleggjara að Þverhólagerði að Urriðavatni.

Á nýbyggingarkafla um Ærlæk mun vegur hækka um 1 - 1,5 m á jöfnu landi og 4 - 5 m undir klapparásum. Yfir Ærlæk verður settur 35 m langur stálhólkur, 2,6 m í þvermál. Um Bót og norðan Urriðavatns verður veghæð um 1- 3 m.

#### 4.1.2 Aðrir kostir

Í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar eru kynntir fjórir kostir um legu vegar milli Lönguhlíðar og Þrívörðumels (st 10700 - 12200), auk fyrirhugaðrar leiðar:

- **Leið 1** núverandi vegur með kröppum beygjum og blindhæðum mætir að mati Vegagerðarinnar ekki nútíma kröfum um akstursöryggi og legu.
- **Leið 2** liggur syðst af valkostunum, u.þ.b. 100 m sunnan við núverandi veg. Leiðin liggur um djúp gil og klapparholt og framkvæmdum myndi fylgja miklar fyllingar og bergskeringar um Ærlæk þar sem foss er í ánni.
- **Leið 3** er með krappri beygju austan Ærlækjar. Farið er yfir ójafnt land og Lönguhlíðarlækurinn þveraður 3 - 4 sinnum. Þessi leið var athuguð vegna óska eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs á Austurlandi, sem í bréfi dagsettu 2. september 1995 óskar að veglínu sé hliðrað til vesturs að stöð 1150, þar sem fyllingar verði minni og minni röskun á mýrlendi<sup>1</sup>. Í bréfi sínu dags. 18. júní 1996 fellur eftirlitsmaður frá þeirri hugmynd og lýsir stuðningi við tillögu Helga Hallgrímssonar um leið 4<sup>2</sup>.
- **Leið 4** liggur um lægð í neðri klapparási Lönguhlíðar við enda Langholts. Helgi Hallgrímsson bendir á leiðina í umsögn sinni<sup>3</sup> og telur hana falla betur að landslagi en valkostur Vegagerðarinnar auk þess sem rask verður minna á jarðmyndunum og gróðri; skeringar verði minni og móa verði hlíft með vegi á þeim stað. Í umsögn Náttverndarráðs er þess óskað að Vegagerðin endurskoði tillögur að staðsetningu

<sup>1</sup> Fylgiskjal 1, með matsskýrslu.

<sup>2</sup> Fylgiskjal 2, með matsskýrslu.

<sup>3</sup> Fylgiskjal 4, með matsskýrslu.

veglínu og leggi veg skv. kosti 4, þar sem leiðin liggur um þurrara land, fyllingar fram af ásum og sjónræn áhrif vegar verða minni og einnig liggur veglínan fjær tóftum (st. 11340 og 18340). Vegagerðin telur hins vegar að með leið 4 verði nokkuð krappari beygja við Lönguhlíðina en valin veglína og meiri bratti yrði á veginum upp frá Ærlæknum og sjónlengd yrði því einnig minni en skv. valkosti Vegagerðarinnar. Á leið 4 verði fyllingar lítillega minni en skeringar á klöpp um efsta ásinn meiri og snjósöfnun geti einnig orðið meiri þar sem leiðin liggur lægra í landinu.

#### 4.1.3 Efnistaka

Fram kemur í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar að áætluð efnispörf í veg frá Skóghlíð að Urriðavatni (nýbyggingar og úrbætur á núverandi vegi) eru um 131.000 m<sup>3</sup>. Alls verða teknir um 113.000 m<sup>3</sup> úr fimm námum á svæðinu, en 26.000 m<sup>3</sup> úr skeringum við veginn. Auk þess þarf að leggja tvo námuvegi, að námum A og D.

**Náma A** er í mel sunnan við Skóghlíð, um 400 m vestan við stöð 10960. Melurinn er þakinn þunnu gróðurlagi, um 5-60 cm að þykkt. Teknir verða um 30.000 m<sup>3</sup> af efni úr námumni á um 6000 m<sup>2</sup> svæði í um 4 - 6 m lagþykkt. Í fylgiskjali frummatsskýrslu kemur fram að eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs á Austurlandi telur æskilegt að melurinn sunnan við Skóghlíð verði kortlagður og ljósmyndaður áður en efnistaka hefst. Í umsögn Náttúruverndarráðs er farið fram á að farið verði að óskum eftirlitsmanns um skrásetningu og frágang námu.

**Náma B** er í Fjármelnum, á bökkum Rangár í um 550 m fjarlægð frá vegi. Svæðið er hulið um 5 - 15 cm gróður- og moldarlagi. Efni hefur verið tekið úr námumni áður. Ráðgert er að taka um 25.000 m<sup>3</sup> í fyllingar á um 8 - 10.000 m<sup>2</sup> svæði í um 2 - 4 m lagþykkt. Leggja þarf um 600 m langan námuveg að námumni frá þjóðvegi.

Í bréfum eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs og umsögn Helga Hallgrímssonar er lagt til að smátjörn og gróðurlendi við námuna verði hlíft við raski<sup>4</sup> og Náttúruverndarráð leggur einnig áherslu á það í umsögn sinni.

**Náma C** er um 100 m sunnan við Bót, norðan við væntanleg vegstæði milli st. 14620 - 14700. Svæðið er raskað vegna efnistöku og er ráðgert að taka þar um 1.500 m<sup>3</sup> af fyllingarefni.

**Náma D** er í áreyrum og farvegi Rangár um 1200 m upp frá Rangárbrú við ármót Rangár og Ærlækjar. Áætlað er að taka efni úr áreyrum beggja vegna árinna og eins úr ánni sjálfri. Eyrarnar eru ógrónar að hluta, en annars huldar allt að 30 cm gróðri og moldarlagi. Teknir verða um 55.000 m<sup>3</sup> af efni úr norðaustur hluta svæðisins á um 25.000 - 30.000 m<sup>2</sup> svæði í um 2 m lagþykkt. Leggja þarf um 1,3 - 1,6 km langan námuveg að námumni og eru þrjár staðsetningar fyrir legu vegar kynntar í matsskýrslu. Valkostur Vegagerðarinnar liggur um hlaðið á bænum Flúðum. Áhugi er meðal landeiganda á frekara efnisnámi á svæðinu.

**Náma E** er opin náma í Selhöfða sem er allhátt klapparholt um 500 m austan við Urriðavatn. Mikið grjótnám hefur verið á svæðinu á síðustu árum og er stálhæð um 8 m. Ráðgert er að vinna um 5 - 6000 m<sup>3</sup> af efni úr námumni í klæðningu.

<sup>4</sup> Fylgiskjöl 2 og 4, með matsskýrslu

### Námuvegi

Leggja þarf 400 m langan veg að námu A frá Hringvegi. Að námu D í Rangá þarf að leggja 1,3 - 1,6 km langan veg og í matsskýrslu eru kynntir þrír kostir fyrir staðsetningu hans:

- D<sub>1</sub>, sem er 1,3 km að lengd og liggur fyrstu 300 m eftir vegi að Flúðum, um 500 m eftir túni og 500 m um holt, móa og mýri að Ærlæk.
- D<sub>2</sub> er 1,5 km að lengd og liggur frá Hringvegi um 600 m vestan við Flúðir og liggur um gróin holt og móa og blauta mýri.
- D<sub>3</sub> er um 1,6 km langur og liggur um 1 km vestan við Flúðir og liggur um mólendi, mýri og hálfgróin holt og mela.
- Í umsögn hreppsnefndar Fellahrepps koma fram óskir um að athugaður verði möguleiki á lagningu vegarins austan Rangár að námu D svo að hann geti nýst sem sýsluvegur að bænum Egilsseli í Fellahreppi, en að mati Vegagerðarinnar var sá kostur ekki talinn æskilegur vegna kostnaðar, lengingu flutningsleiðar og röskunar á svæðinu við ármót Rangár og Svínalækjar.

## 4.2 Umhverfisáhrif

### 4.2.1 Áhrif á jarðmyndanir og landslag

Ný veglína liggur fyrir endann á Lönguhlíð, sem er klapparás í tveim stöllum og er nauðsynlegt að sprengja fyrir skeringum um 1 - 1,5 m niður í yfirborðið vegna rása með vegi.

Vegfyllingar verða allt að 5 m háar undir klapparholtum og við Ærlæk og verða sjónræn áhrif á svæðið nokkur. Í landi Flúða og við Urriðavatn verða óverulegar breytingar á jarðmyndunum vegna vegarins.

Í umsögn Náttúruverndarráðs, þann 19. nóvember s.l. kemur fram að Náttúruverndarráð óskar þess að Vegagerðin endurskoði veglínu á milli stöðva 10700 og 12200 skv. tillögum Helga Hallgrímssonar og eftirlitsmanns Náttúruverndarráðs, þar sem sú leið liggur um þurrara land undir Lönguhlíð og jafnframt verða fyllingar fram af holtunum minni en á valinni leið og þær fari betur í landinu.

Áhrif efnistöku á jarðmyndanir verða töluverð. Háimelur (náma A) er líklega leifar af gömlum jökulgarði frá ísaldarlokum<sup>5</sup> og mun að mestu hverfa við efnisnámið.

Áreyrar við Rangá munu breytast, Selhöfðinn og Fjármelar minnka. Eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs telur ekki ástæðu til að mæla gegn efnistöku á þessum svæðum, en telur eðlilegt að Háimelur verði skoðaður betur og ljósmyndaður fyrir efnistöku. Í umsögn Náttúruverndarráðs er þess óskað að jarðmyndunin verði kortlögð og ljósmynduð áður en efnistaka hefst.

Fram kemur í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar að gengið verður frá vegfláum, skeringum og námum þannig að sem best falli að umhverfinu, að höfðu samráði við landeigendur og eftirlitsmann Náttúruverndarráðs.

<sup>5</sup> Fylgiskjal 2, í matsskýrslu.



#### 4.2.2 Áhrif á gróður og dýralíf

Um Ærlæk liggur veglínin um mólendi, mýrarsund milli klapparholta og staka, lága melkolla. Frá Þrívörðumel og um Flúðir liggur veglínin um mólendi og klapparholt sem vaxin eru hrís og lynggróðri og við Urriðavatn eru hrís- og lyngmóar algengastir. Í fylgiskjali skýrslunnar kemur fram það álit Helga Hallgrímssonar<sup>6</sup>, að lokinni gróðurfarskönnun, að ekki séu fágæta plöntur í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Silungsveiði er nokkur í Rangá og krafðist Veiðifélag Fljótaldalshéraðs þess að ekki verði hróflað við árfarveginum við efnistöku í landi Flúða. Enn fremur gerði félagið þær kröfur að moldarskólpi verði ekki veitt í ána<sup>7</sup>. Þann 9. desember barst embætti skipulagsstjóra ríkisins undirritaðir minnispunktar frá fundi landeigenda, Vegagerðarinnar og formanns Veiðifélags Fljótaldalshéraðs vegna efnistöku í Rangá. Þar kemur fram að formaður Veiðifélagsins leggst ekki gegn efnistöku úr ánni ef efnistaka verður með meiri lagþykkt og þ.a.l. á minna svæði en gert er ráð fyrir í frummatsskýrslu og umsagnar Veiðimálastjóra verði leitað varðandi vinnslu og frágang náunnar. Enn fremur verði námusvæðið skoðað af viðkomandi aðilum áður en efnistaka hefst og samráð verði haft um námuvinnsluna og frágang námu í verklok.

Veiðimálastofnun leggur áherslu á að efni verði tekið jafnt yfir breidd eða flóðfar árinna, en ekki úr mjóum skurði. Malartekjan valdi ekki fossmýndun, fari ekki fram á veiðitíma og að áin gruggist ekki á veiðitíma vegna mölunar. Samráð verði haft við landeigendur og Veiðifélag um efnisvinnslu og frágang.

Eitthvað af gæs og öðrum fuglum verpa við Rangá. Kann efnisnám, lagning námuvegar og umferð að valda röskun á því fuglalífi.

#### 4.2.3 Áhrif á menn og samfélag

Vegaframkvæmd mun auka öryggi vegfarenda með betri legu vegar og lagning bundins slitlags og mun bæta tengsl nærliggjandi sveita og við þéttbýliskjarna.

Leggja þarf veg frá Hringvegi að námu D við Rangá. Valkostur Vegagerðarinnar er að fara eftir vegi að Flúðum í um 50 m fjarlægð frá íbúðahúsi. Í fylgiskjali lýsa ábúendur áhyggjum af því að umferð um veginn muni valda óþægindum vegna ryks, hávaða og annars ónæðis og kjósa að vegur verði staðsettur norðar (D<sub>3</sub>). Með bréfi Vegagerðarinnar til Skipulags ríkisins, dagsettu 9. desember 1996, fylgir bréf frá landeigendum á Flúðum þar sem fallist er á lagningu vegar skv. valkosti Vegagerðarinnar að umsömdum bótum.

Hollustuvernd ríkisins telur að að full ástæða sé til þess að takmarka mengun við íbúðarhús sem kostur er og velja leið fjær íbúðarhúsum, en mótvægisáðgerðir Vegagerðarinnar fela í sér að vegurinn verður rykbundinn næst bænum.

Eftirlitsmaður Náttúruverndarráðs á Austurlandi telur að valkostur Vegagerðarinnar sé ákjósanlegri út frá umhverfissjónarmiðum þar sem hann brýtur minnst af óröskuðu landi og auk þess sé það stysta leiðin.

<sup>6</sup> Fylgiskjal 4, í matsskýrslu.

<sup>7</sup> Fylgiskjal 9, í matsskýrslu.

#### 4.2.4 Áhrif á menningarminjar

Tvær tóttir í nálægð veglínunnar eru taldar vera yfir 100 ára og því friðlýstar skv. þjóðminjalögum. Við afleggjarann inn að Hafrafelli (stöð 18340) er tótt þar sem byggt hefur verið í skjóli við lágt klapparholt og mælist minjavörður Safnastofnunar Austurlands til þess í fylgiskjali<sup>8</sup> að vegurinn verði færður um 2- 3 m frá tótt og kletti svo hvorutveggja verði sýnilegt. Samkvæmt tillögum kynntum í frummatsskýrslu, mun vegfláinn liggja yfir klapparholtið og enda um 4 m frá tóttinni.

Vestan við stöð 11340, er gömul tótt og í fylgiskjali óskar minjavörður Safnastofnunar Austurlands þess að vegstæðið verði fært frá tóttinni þannig að vegfláinn verði ekki nær henni en 5 m. Í matsskýrslu kemur fram að vegflái muni liggja um 7 m frá tóttinni og hún verði afgirt á framkvæmdatíma og hlíft við hvers konar raski. Tóttirnar verða síðan merktar í samráði við Safnastofnun Austurlands.

Í álitinu sínu mælist minjavörður enn fremur til þess að garði sem liggur á mótis við stöð 14700 - 15300 verði hlíft við raski af völdum stórtækra vinnuvéla.

Í umsögn Safnastofnunar Austurlands, dagsett þann 9. desember 1996, er ítrekað að vegurinn liggja a.m.k. 4 m frá tótt og kletti við stöð 18340.

---

<sup>8</sup> Fylgiskjal 5, í matsskýrslu.

## 5. NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS

Á grundvelli frummatsskýrslu framkvæmdaraðila, umsagna og svara við þeim, er það mat skipulagsstjóra ríkisins að fyrirhuguð lagning Hringveggar frá Skóghlíð að Urriðavatni hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif með þeim mótvægisáðgerðum sem greint er frá í frummatsskýrslu og að uppfylltum skilyrðum um efnistöku, vernd menningarminja og frágang í verklok.

### Vegur

Lagning vegarins er talin hafa óveruleg áhrif á gróður og dýralíf á framkvæmdasvæðinu. Ekki kemur fram í framlögðum gögnum að sjaldgæfar tegundir gróðurs né dýralíf sé í hættu vegna lagningar vegar eða umferðar.

Helstu áhrif vegalagningar á jarðmyndanir og landslag verða vegna allt að 4 - 5 m hárra fyllinga við klapparholt og við Ærlækinn og vegna skeringa í klapparholt.

Náttúruverndarráð lagði til að valin væri önnur veglína um Ærlæk, sem fellur betur að umhverfinu þar sem fyllingar verða minni, farið um þurrara land auk þess sem menningarminjum við vegstæðið verði betur hlíft. Að áliti Vegagerðarinnar fullnægir sú leið ekki vegtæknilegum kröfum um umferðaröryggi, þar sem veglína liggur með krappari beygju yfir Lönguhlíð og með meiri bratta upp frá Ærlæk. Auk þess er talið að leiðin verði snjóþyngri og af þeim ástæðum væri nauðsynlegt að auka skeringar í klöpp á háásnum á Lönguhlíð.

Í umsögn Safnastofnunar Austurlands kemur fram tilmæli um að vegi verði hliðrað um 4 m við stöð 18340 til að vernda tótt og umhverfi hennar. Að öðru leyti telur minjavörður að tillögur Vegagerðarinnar feli í sér nægilega fjarlægð frá menningaminjum, að því gefnu að raski verði haldið í lágmarki í nágrenni þeirra við lagningu vegarins.

Á grundvelli framlagðra gagna er það álit skipulagsstjóra ríkisins að áhrifamunur vegarins á landslag og gróður sé ekki verulegur milli þeirra kosta sem kynntir eru og því ekki réttlætjanlegt, í ljósi röksemda Vegagerðarinnar um akstursöryggi, að krefjast breyttrar legu vegar.

Fallist er á tillögu Vegagerðarinnar skv. tillögum sem kynntar eru í matsskýrslu. Uppbygging og lega vegar mun tryggja akstursöryggi á svæðinu og vegfláar verða lagaðir að landslagi eins og mögulegt er.

Þau skilyrði eru sett við framkvæmdina að verndun menningarminja verði tryggð með hliðrun vegar um 4 m við tótt við stöð 18340. Jarðraski utan vegstæðis verði haldið í lágmarki og að samráð verði haft við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á Austurlandi við frágang.

### Efnisnám

Önnur umhverfisáhrif framkvæmdarinnar lúta að um 113.000 m<sup>3</sup> efnisnámi úr fimm námum er munu hafa áhrif á jarðmyndanir, gróðurfar og árfarveg og dýralíf í Rangá.

Einhver truflun verður af umferð frá námu D, en námuvegur mun liggja um hlað og tún á Flúðum.

Fallist er á fyrirhugað efnisnám og lagningu námuvega eins og þeim er lýst í frummatsskýrslu og upplýsingum er bærust embætti skipulagsstjóra á frumathugunartíma. Uppfyllt skulu skilyrði Náttúruverndarráðs, landeigenda, veiðimálastofnunar og Veiðifélags Fljótsdalshéraðs varðandi vinnslu og frágang náma. Náma D verði skoðuð af eftirlitsmanni Náttúruverndarráðs á Austurlandi og Veiðifélagi Fljótsdalshéraðs áður en efnisnám hefst og náman unnin með tilliti til álits Veiðimálastofnunar. Fallist er á skilyrði Náttúruverndarráðs um að gróðurlendi og smátjörn innan við melinn við námu B verði hlíft við raski og að náma A á Háamel verði ljósmynduð og kortlögð áður en efnisnám hefst.

Framkvæmdin er fyrirhuguð á óskipulögðu svæði. Ganga þarf frá skipulagsupprætti af framkvæmdinni og er lagt til að það verði gert samkvæmt 2. málsgrein 5. greinar skipulagslaga nr. 19/1964 með síðari breytingum.

## 6. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, ásamt umsögnum er bárust og svörum framkvæmdaraðila við þeim.

Fallist er á fyrirhugaða lagningu Hringveggar frá Skóghlíð að Urriðavatni eins og henni er lýst í framlagðri frummatsskýrslu og þeim mótvægisáðgerðum sem þar eru kynntar, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Fláafótur vegar verði færður um 4 metra við stöð 18.340, til verndunar menningaminja í nálægð vegstæðis.
2. Náma D á Rangáreyrum verði unnin samkvæmt álitum Veiðimálastofnunar og í samráði við landeigendur, Veiðifélag Fljótsdalshéraðs og Náttúruverndarráð:
  - Efni verði ekki unnið úr námunni á veiðitíma
  - Tryggt verði að skolvatn vegna mölunar gruggi ekki ána á veiðitíma.
  - Gengið verði frá bökkum námunnar svo þeir verði aflíðandi og efnistaka hindri ekki göngu fiska upp ána að henni lokinni.
3. Haft verði samráð við eftirlitsmann Náttúruverndarráðs á Austurlandi vegna efnistöku og frágangs námusvæða og vegafláa.

## 7. KÆRUFRESTUR

Samkvæmt 14. grein laga nr. 63/1993 má kæra úrskurð skipulagsstjóra ríkisins til umhverfisráðherra innan fjögurra vikna frá því að hann er birtur eða kynntur viðkomandi aðila.

Reykjavík, 13. desember 1996,

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson